


Fundur Fuglaverndar með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, 18. júní 2025. Minnisblað.

Um Fuglavernd

- Fuglaverndarfélag Íslands (Fuglavernd) eru elstu virku náttúruverndarsamtök landsins, en félagið var stofnað í janúar 1963. Í upphafi hafði félagið það meginmarkmið að bjarga haferninum frá útrýmingu á Íslandi.
- Tilgangur félagsins í dag er verndun fugla og búsvæða þeirra, með áherslu á tegundir í hættuflokkum á íslenskum eða alþjóðlegum válistum, auk tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands eða eru lykiltegundir.
- Árið 2024 voru félagar 1.223 talsins.
- Tekjur félagsins hafa sveiflast mikið (1. mynd).



1. mynd. Tekjur Fuglaverndar frá 2014-2024 á núvirði.

Veiðar á svartfuglum

Inngangur

Í dag eru skotveiðar leyfðar á álku, langvíu, stuttnefju og lunda frá 1. september til og með 25. apríl. Háfaveiðar eru leyfðar á sömu tegundum frá 1. júlí til og með 15. ágúst. Teista var friðuð fyrir veiðum árið 2017 vegna fækkunar. Talið er að um 90% af lundaafnanum veiðist í háfa.¹

Vandamálið

Ef litið er til stöðu svartfugla á íslenskum válistum sést að stuttnefja, lundi og teista lenda í hættuflokkum og langvía telst vera í yfirvofandi hættu. Einungis álka virðist vera tegund sem ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af í dag en hún var þó í yfirvofandi hættu fyrir fáeinum árum (1. tafla).

1. tafla. Staða svartfugla á válistum, skv. vef Náttúrufræðistofnunar.² Hættuflokkar eru litmerktir. Því dekkri sem liturinn er, því verri er staðan.

Tegund	Válisti 2025	Válisti 2018	Válisti 2000	Evrópuválisti	Heimsválisti
Álka	LC	NT	LC	LC	LC
Langvía	NT	VU	LC	LC	LC
Stuttnefja	VU	EN	VU	LC	LC
Lundi	CR	CR	LC	EN	VU
Teista	VU	EN	LC	LC	LC

Bent er sérstaklega á mjög neikvæða stöðu lundans.

Þrátt fyrir þessa bágu stöðu margra svartfuglastofna er veiðitímabil þessara tegunda á Íslandi óvenju langt samanborið við önnur lönd við Norður-Atlantshaf. Þar fyrir utan hafa rannsóknir leitt í ljós að tímabilið nær inn á varptíma tegundanna og að veiðar undir lok veiðitímans hafa mun neikvæðari áhrif á stofnstærð en veiðar að hausti.³

Þá er hér talsvert um magnveiði, einkum vegna þess að svartfuglar eru eftirsóttir á sumum matsölustöðum.

Loks má nefna að erfiðlega hefur gengið að koma á verndandi aðgerðum, svo sem veiðibanni og/eða sölubanni, vegna gloppu í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) varðandi hlunnindaveiðar.

Hvað er til ráða?

Nauðsynlegt er að ráðast strax í eftirfarandi aðgerðir:

- 1) Breyta lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum í samræmi við tillögu Náttúruverndarstofnunar⁴, til að hægt sé að grípa til verndandi aðgerða þótt veiðar flokkist sem hlunnindaveiðar.

¹ Minnisblað Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun) til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. "Tillaga að lagabreytingu í ljósi bágrar stöðu lundastofnsins". Dagsett 21. ágúst 2024.

² <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

³ https://nattura.cdn.prismic.io/nattura/aEr7dLNJEFaPX6nE_2025-01-24_Minnisblad_veiditimbili_svartfugla.pdf

⁴ Minnisblað Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun) til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. "Tillaga að lagabreytingu í ljósi bágrar stöðu lundastofnsins". Dagsett 21. ágúst 2024.

- 2) Styttu strax veiðitíma svartfugla í samræmi við fyrirliggjandi gögn⁵ þannig að veiðitíma svartfugla ljúki í síðasta lagi 15. janúar.
- 3) Setja strax sölubann á allar afurðir svartfugla (kjöt, egg og hamur til uppstoppunar).
- 4) Friða lunda fyrir öllum veiðum í a.m.k. 5 ár. Að friðunartímabili loknu skal endurmeta stöðuna.

Ný lög um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra

Inngangur

Gildandi lög er varða vernd og veiðar á fuglum (lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, hér eftir kölluð villidýralög) eru rúmlega 30 ára gömul. Þótt þau hafi verið mikið framfaraskref á sínum tíma er óhætt að segja að þau séu nú orðin úrelt. Margt hefur breyst á sviði náttúruverndar á alþjóðavísu og er varðar skuldbindingar Íslands. Þá eru meiri kröfur gerðar til veiðistjórnunar.

Á árunum 2010–2013 starfaði sérfræðinganevnd umhverfisráðherra um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Nefndin skilaði af sér mjög ítarlegri 350 blaðsíðna skýrslu með miklum fjölda ábendinga um það sem þyrfti að bæta í íslensku laga-, reglu- og stjórnsýslumhverfi.⁶ Skýrslunni (hér eftir nefnd villidýraskýrslan) var ætlað að vera fyrsta skrefið við gerð nýrra villidýralaga. Vert er að nefna að við gerð skýrslunnar var haft mjög víðtækt samráð og var breið sátt um tillögurnar sem fram komu í henni.

Villidýraskýrslan hefur staðist tímans tönn, en þrátt fyrir umfangsmikla og vandaða grunnvinnu sérfræðinga við gerð skýrslunnar, bólar enn ekkert á nýjum lögum. Unnið var að nýju frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021, en því var vísað til umhverfis- og samgöngunefndar og komst ekki lengra.⁷ Í svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn um villidýralög og sjávarspendýr á 153. löggjafarþingi 2022–2023, kom fram að leggja ætti fram endurskoðað frumvarp á næsta þingi, en ekkert varð úr því.

Vandamálið

Gildandi lög eru ófullnægjandi til að tryggja ásættanlega vernd fugla. Nærtæk dæmi eru vandkvæði við að takmarka hlunnindaveiðar þótt veruleg þörf sé á því,⁸ skortur á lagaheimildum til að bregðast við skemmdum á varplöndum alfriðaðra fugla svo sem kríu og ýmissa mófugla sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands, takmarkalaus veiði á fuglategundum á válista undir því yfirskeyni að þær valdi tjóni þótt slíkt tjón hafi aldrei verið metið,⁹ óskráð eggjataka¹⁰ og sífelldur þrýstingur á að útvíkka veiðiheimildir á fuglategundum vegna meints tjóns á ökrum, þótt aðrar mildari aðgerðir séu í boði.¹¹ Eru þessi dæmi aðeins toppurinn á ísjakanum og má finna mörg dæmi til viðbótar í villidýraskýrslunni.

⁵ https://natura.cdn.prismic.io/natura/aEr7dLNJEFaPX6nE_2025-01-24_Minnisblad_veiditimbili_svarfugla.pdf

⁶ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf

⁷ <https://www.althingi.is/altext/151/s/0460.html>

⁸ Minnisblað Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun) til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. “Tillaga að lagabreytingu í ljósi bágrar stöðu lundastofnsins”. Dagsett 21. ágúst 2024.

⁹ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Ranfugl.pdf>

¹⁰ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2017_Nyting_eggja_og_unga_villtra_fugla_Fuglar_11_pdf.pdf

¹¹ https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Fuglar_og_raektarland-Fuglar_14.pdf

Hvað er til ráða?

Nauðsynlegt er að setja hið fyrsta ný villidýralög, sem byggja á tillögum villidýraskýrslunnar. Þótt frumvarpið sem lagt var fram 2021 hafi haft sína kosti, gerði Fuglavernd fjölmargar athugasemdir, sumar mjög alvarlegar, sem nauðsynlegt er að bregðast við.¹²

Ekki ætti að bíða með að lagfæra ákvæði laganna varðandi hlunnindaveiði þar til nýtt heildarfrumvarp liggur fyrir, heldur verður strax að gera breytingar á núgildandi lögum svo unnt sé að bregðast við bágrri stöðu svartfugla.

Hættur varðandi græn orkuskipti og loftslagsaðgerðir

Inngangur

Ein stærsta áskorun nútímans er að bregðast við loftslagsvá af mannavöldum og er nauðsynlegt að grípa til fjölbreyttra aðgerða til að bæði draga úr losun og binda kolefni. Loftslagsváin hefur þegar valdið einhverjum breytingum á lífríki og lífsgæðum fólks víða um heim en áhrif hennar munu þó margfaldast á komandi árum og áratugum og valda grundvallarbreytingum á lífríki, veðurfari og lífsháttum manna.¹³

Ísland hefur skuldbundið sig með alþjóðlegum samningum til að draga úr losun¹⁴ og í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum má finna fjöldann allan af aðgerðum. Loftslagsáhrif flestra þeirra hafa þó ekki enn verið metin og stór hluti aðgerðanna er enn á hugmyndastigi.

Með samningnum um líffræðilega fjölbreytni hefur Ísland einnig skuldbundið sig til að standa vörð um innlendar tegundir og vistkerfi sem hér má finna.¹⁵

Vandamálið

Mikill asi á þessu sviði, sem og væntingar sumra um fjárhagslegan ávinning vegna loftslagsaðgerða, ógna vernd fugla hérlandis. Má hér helst nefna:

- 1) Ásókn fjölmargra aðila í að koma á fót vindorkuverum víða um land, meðal annars innan marka alþjóðlega mikilvægra fuglasvæða, innan jaðarsvæða þeirra eða á mikilvægum flugleiðum farfugla.¹⁶
- 2) Stóraukin skógrækt í nafni kolefnisbindingar og vegna sölu á kolefniseiningum, í einhverjum tilfellum innan búsvæða sem hafa hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum¹⁷ og/eða eru mikilvæg varplendi fuglategunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands¹⁸, en slíkt mun leiða til neikvæðra áhrifa á stofna þeirra.¹⁹

¹² https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2021/02/2021-02-08-Umsogn_um_villidyrarfrumvarpid_loka.pdf

¹³ <https://www.ipcc.ch/reports/>

¹⁴ <https://www.co2.is/>

¹⁵ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/liffraedileg-fjolebreytni/>

¹⁶ https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Vindorkufrumvarp-Fuglar_14.pdf og <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Vindmyllur.pdf>

¹⁷ <https://www.facebook.com/menja.vonschmalensee/posts/pfbid07KKskcVon6TC5TB3LQG6oPR2T7PABTqDixt8gSQkLZdLfipDkKtVNZyHBZTzXFSL>

¹⁸ <https://www.ni.is/is/midlun/forgangstegundir-fugla>

¹⁹ https://hi.is/sites/default/files/mas/pdf/mofuglar_og_skograekt.pdf

Grundvallaratriði þegar kemur að aðgerðum í loftslagsmálum er að þær valdi ekki meira tjóni á náttúru en þeim er ætlað að koma í veg fyrir, enda er tilgangur loftslagsaðgerða einmitt að stórum hluta að fyrirbyggja náttúruspjöll. Því verður alltaf að skoða gaumgæfilega hvort áform um kolefnisbindingu eða orkuskipti hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og aðlaga aðgerðir að því að standa vörð um náttúruleg vistkerfi og tegundir, líkt og Íslendingar hafa skuldbundið sig til að gera með aðild að alþjóðlegum samningum.

Hvað er til ráða?

Nauðsynlegt er að huga mun betur að fuglalífi landsins en nú er gert varðandi loftslagsaðgerðir.

- 1) Mikilvægt er að vernda alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði gegn uppbyggingu vindorkuvera en slík svæði hafa verið kortlögð af Náttúrufræðistofnun²⁰. Ætti verndin einnig að ná til jaðarsvæða mikilvægra fuglasvæða og mikilvægra farleiða fugla. Regluverk varðandi vindorkuver ætti skilyrðislaust að banna uppbyggingu þeirra á þessum svæðum.
- 2) Nauðsynlegt er að setja skógrækt auknar hömlur sem taka mið af áhrifum á fuglategundir sem teljast til ábyrgðartegunda. Þá er gríðarlega brýnt að taka hið fyrsta upp ábyrgt og faglegt vottunarkerfi fyrir kolefniseiningar, sem tekur mið af neikvæðum áhrifum á náttúru.

Mikilvægi endurheimtar votlendis

Inngangur

Ágæti votlendis er margþætt, en sérstaklega ber að nefna tvo þætti: líffræðilega fjölbreytni og geymslu kolefnis.

Miðað við tölur frá Umhverfis- og orkustofnun (2023) var nettólosun Íslands sem fellur undir landnotkun 8 milljón tonn CO₂-íg,²¹ sem samsvarar um 63% af heildarlosun Íslands það árið. Meirihluti þessarar losunar stafar af framræstu votlendi. Framræst votlendi losar því meira af gróðurhúsalofttegundum heldur en öll samfélagslosun Íslands og öll losun sem heyrir undir ETS-kerfið (fyrst og fremst ál- og kísilmálmframleiðsla).

Eins og víða um heim eru votlendi heitir reitir fyrir líffræðilega fjölbreytni á Íslandi.²² Ekki nóg með það, heldur getur nálægð við votlendi einnig aukið líffræðilega fjölbreytni innan annarra vistgerða. Litlir votlendisblettir, sem eru hluti af mósaík landsins, eru því gríðarlega mikilvægir fyrir líffræðilega fjölbreytni í stærra samhengi.²³

Votlendi eru mikilvæg búsvæði fyrir ábyrgðartegundir Íslands, þ.e.a.s. fuglategundir þar sem stór hluti heimsstofnsins verpir á Íslandi. Má helst nefna nokkrar tegundir sem eru kærar flestum Íslendingum eins og heiðlóa (allt að 61% af heimsstofni verpir hér), spóa (28%), jaðrakan (22%), lóupræl (18%) og stelk (12%).^{24, 25}

²⁰ <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/vistgerdir-og-fuglasvaedi>

²¹ <https://ust.is/loft/losun-grodurhusaloftegunda/stada-losunar-a-islandi-2023/>

²² https://www.researchgate.net/publication/266403140_Identifying_important_bird_habitats_in_a_sub-arctic_area_undergoing_rapid_land-use_change og <https://link.springer.com/article/10.1007/s00027-012-0278-z>

²³ <https://skemman.is/handle/1946/46279>

²⁴ <https://datazone.birdlife.org/>

²⁵ <https://www.ni.is/is/midlun/forgangstegundir-fugla>

Vandamálið

Enn er framræst meira votlendi á Íslandi en við endurheimtum. Það er mikið áhyggjuefni þar sem óraskaðar vistgerðir eru með hærra verndargildi heldur en raskaðar vistgerðir. Jafnvel þótt árlega væri endurheimt jafn mikið votlendi og er raskað þýddi það heildartap á líffræðilegri fjölbreytni.

Auk þess virðast vera litlar sem engar afleiðingar við að raska votlendi í leyfisleysi. Það á við sama hvort þau sé yfir 2 ha (sem eru stærðartakmörk í náttúruverndarlögum svo votlendi hljóti sérstaka vernd), tilheyri sjaldgæfum vistgerðum með hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum eða eru á skilgreindu alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði.²⁶

Hér þarf mikið að breytast! Það verða að vera einhverjar neikvæðar afleiðingar við að raska ósnertu votlendi án leyfis. Einnig þarf að stórherða forsendur framkvæmdaleyfa á svæðum sem eru skilgreind sem votlendi.

Þá virðast margir landeigendur vera tregir við að endurheimta votlendi. Ein algeng ástæða virðist vera sú að landeigendur telji að ríkið muni bráðlega borga þeim fyrir að endurheimta þessi búsvæði, líkt og það greiddi þeim fyrir að raska þeim á sínum tíma. Aðrir bíða eftir því að markaður fyrir vottaðar kolefniseiningar fyrir endurheimt votlendis á Íslandi verði kröftugri og vilja ekki missa af mögulegum tekjum í framtíðinni. Á meðan beðið er losar framræst land gróðurhúsalofttegundir í miklu magni. Það er því öllum í hag að ganga í málið sem allra fyrst.

Hvað er til ráða?

- Vernda þarf þau votlendi sem eru enn ósnortin með hertum náttúruverndarlögum og þrengja þarf veitingu framkvæmdaleyfa til að framræsa óraskað votlendi.
 - Breyta þarf verndarviðmiði úr 2 ha niður í 1 ha eins og var upprunalega lagt til af sérfræðingum. Nýleg rannsókn sýnir glögg tölur nauðsyn þess.²⁷
- Koma þarf á og framfylgja öflugu sektakerfi á hendur þeim sem raska án leyfis votlendi og öðrum vistgerðum með hátt verndargildi.
- Ráðast þarf í stórtækt áttak í endurheimt votlendis á ríkisjörðum. Hefja nána samvinnu við þjóðkirkjuna um að endurheimta í stórum stíl jarðir í hennar eigu.
- Stefna ríkisins varðandi endurheimt votlendis þarf að vera mun skýrari. Er á dagskrá að greiða landeigendum fyrir að endurheimta? Ætlar ríkið loksins að setja endurheimt á ríkisjörðum í forgang sem loftslagsaðgerð og aðgerð fyrir líffræðilega fjölbreytni?

²⁶ <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/vistgerdir-og-fugasvaedi>

²⁷ <https://skemman.is/handle/1946/46279>

Verkefnastyrkir ráðuneytis til félagasamtaka

Inngangur

Frá árinu 2007 og þar til nýlega gátu félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar sótt um verkefnastyrki frá ráðuneyti umhverfismála. Um var að ræða misháa styrki til fjölbreyttra verkefna og samtaka. Þessir styrkir voru félagasamtökum mjög mikilvægir og studdu við aðkallandi framfarir í umhverfismálum.

Fuglavernd sótti um og fékk verkefnastyrki á meðan þetta fyrirkomulag var við lýði. Á tímabilinu 2014-2022 var meðalupphæð árlegra styrkveitinga til félagsins um 2,3 milljónir á núvirði (frá um 0,6-7,5 m.kr. á ári) (1. mynd).

Verkefnastyrkir ráðuneytisins veittu Fuglavernd mikilvægt svigrúm til að vinna að afmörkuðum fræðslu- og kynningarverkefnum. Nefna má kosningu almennings á fugli ársins – verkefni sem vakti mikla athygli á sínum tíma og jákvæða umræðu um fugla og náttúruvernd. Önnur verkefni hafa til dæmis falist í útgáfu fræðsluefnis og skipulagningu ráðstefna og málstofa um mikilvæg málefni á sviði fugla- og náttúruverndar. Þetta eru verkefni sem erfitt er að fá styrki til annars staðar.

Vandamálið

Síðastliðin þrjú ár hafa verkefnastyrkir til félagasamtaka á borð við Fuglavernd fallið niður. Samhliða því hafa rekstrarstyrkir ekki hækkað, að minnsta kosti ekki til Fuglaverndar. Okkur hefur verið tjáð að ástæða þess að ráðuneytið veiti ekki verkefnastyrki sé sú að yfirferð ráðuneytisins á framvindu og árangri verkefnastyrktra verkefna hafi reynst tímafrek og tekið of mikinn tíma frá öðrum verkefnum ráðuneytisins. Þetta hefur hins vegar haft neikvæð áhrif á möguleika okkar til að sinna mikilvægum fræðsluverkefnum og auka áhrif okkar í þágu náttúruverndar.

Félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar starfa á grundvelli hugsjónar og samfélagsábyrgðar – oftast við afar þröngt fjárhagslegt umhverfi. Ef við ætlum að viðhalda fjölbreyttu og kröftugu samtali um náttúruvernd, sem ekki er eingöngu stýrt af hagsmunaoðflum, og efla lýðræðislega þátttöku almennings í umhverfismálum, þá er nauðsynlegt að opinberir styrkir til slíkra verkefna verði aftur í boði.

Hvað er til ráða?

Við hvetjum ráðuneytið eindregið til að taka aftur upp verkefnastyrki fyrir félagasamtök!

Fuglavernd er reiðubúin að vinna með ráðuneytinu að því að finna raunhæfar lausnir sem einfalda framkvæmd verkefnastyrkjakerfisins, án þess að draga úr gagnsæi eða ábyrgð. Við trúum því að slíkt samstarf skili auknum árangri í náttúruvernd og styrki stoðir borgaralegs samfélags á Íslandi.

Sé ekki vilji fyrir hendi til að bjóða aftur upp á verkefnastyrki, telur félagið nauðsynlegt að hækka rekstrarstyrk til Fuglaverndar um a.m.k. það sem nemur meðalupphæð verkefnastyrkja tímabilsins 2014-2022, eða um 2,3 milljónir.

Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar
Aron A. Þorvarðarson, verkefnisstjóri hjá Fuglavernd